

Undirritaðir aðilar, **atvinnuvegaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra** f.h. íslenska ríkisins og **Bændasamtök Íslands**, hafa með vísan til 30. gr. búvörulaga nr. 99/1993 og 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998, með síðari breytingum, orðið sammála um svohljóðandi:

SAMKOMULAG

um breytingar á samningum um starfsskilyrði sauðfjárræktar, starfsskilyrði nautgriparæktar, starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða og um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins.

1. gr.

Markmið samkomulagsins.

Samkomulag þetta mælir fyrir um framlengingu búvörusamninga og rammisamnings um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins vegna yfirstandandi samtals stjórnvalda og Bændasamtaka Íslands um starfsumhverfi landbúnaðar til framtíðar.

2. gr.

Samningur um starfsskilyrði sauðfjárræktar, dags. 19. febrúar 2016, með síðari breytingum.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar:

- a. Í stað „1. janúar 2026“ í 1. málsl. 4. mgr. 3. gr. kemur: 1. janúar 2028.
- b. Í stað „31. desember 2026“ í 1. mgr. 17. gr. kemur: 31. desember 2027.

Önnur ákvæði samningsins, með síðari breytingum standa óbreytt.

3. gr.

Samningur um starfsskilyrði nautgriparæktar, dags. 19. febrúar 2016, með síðari breytingum.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar:

- a. Í stað „31. desember 2026“ í 1. mgr. 16. gr. kemur: 31. desember 2027.

Önnur ákvæði samningsins, með síðari breytingum standa óbreytt.

4. gr.

Samningur um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða, dags. 19. febrúar 2016, með síðari breytingum.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða:

- a. Í stað „31. desember 2026“ í grein 1. mgr. 10. gr. kemur: 31. desember 2027.

Önnur ákvæði samningsins, með síðari breytingum standa óbreytt.

5. gr.

Rammasamningur um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins, dags. 19. febrúar 2016, með síðari breytingum.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á rammasamningi um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins:

- a. Í stað „31. desember 2026“ í 1. mgr. 22. gr. kemur: 31. desember 2027.

Önnur ákvæði rammasamningsins, með síðari breytingum standa óbreytt.

6. gr.

Ýmis ákvæði.

Samningsaðilar eru sammála því að 1% heildarframlaga til samninganna fjögurra sbr. 2.-5. gr. á árinu 2027 verði nýtt til að mæta fjárfestingaþörf í sauðfjárrækt og nautgripærækt og til að efla nýliðun í landbúnaði. Þannig verði 30% af fjárhæðinni nýtt til að auka við framlög til fjárfestinga í nautgripærækt skv. 8. gr. í samningi um starfsskilyrði nautgripæræktar, 18% í fjárfestingu í sauðfjárrækt skv. 9. gr. í samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar og 52% til nýliðunar skv. 6. gr. rammasamning um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins. Breytingar á fjárhæðum og tilfærslur milli verkefna samninganna eru skv. töflu 2 í viðauka I.

Samkomulag þetta er undirritað f.h. íslenska ríkisins með fyrirvara um nauðsynlegar lagaheimildir Alþingis.

7. gr.

Gildistaka.

Samkomulag þetta tekur gildi við undirritun og gildir til og með 31. desember 2027.

Samkomulag þetta er undirrituð rafrænt. Aðilar hafa kynnt sér efni samkomulagsins og hafa fullt umboð til að staðfesta það með undirritun sinni.

f.h. ríkisstjórnar Íslands,
Hanna Katrín Friðriksson,
atvinnuvegaráðherra.

f.h. Bændasamtaka Íslands
Trausti Hjálmarsson
Formaður Bændasamtaka Íslands.

Daði Már Kristófersson,
fjármála- og efnahagsráðherra.

Viðauki I.

Tafla I – fjárhæðir á verðlagi ársins 2026 í milljónum króna.

Nautgriparækt	2027
Greiðslur út á greiðslumark - 3. grein	2.813
Greiðslur út á innvegna mjólk - 4. grein	3.300
Gripagreiðslur - mjólkurkúr - 5. grein	1.944
Gripagreiðslur - holdakúr - 5. grein	343
Framleiðslujafnvægi - 6. grein	141
Kynbótastarf - 7. grein	281
Fjárfestingastuðningur - 8. grein	341
Nautakjötsframleiðsla - 9. grein	272
	9.435
 Sauðfjárrækt	 2027
Beingreiðslur - greiðslumark - 3. grein.	2.260
Gæðastýring - álagsgreiðslur - 4. grein	2.226
Býlisstuðningur - 6. grein	1.096
Ullarnýting - 7. grein	788
Fjárfestingastuðningur - 9. grein	173
Svæðisbundinn stuðningur - 8. grein	205
Aukið virði afurða - 10. grein	137
	6.885
 Garðyrkja	 2027
Beingreiðslur vegna framleiðslu (A)	390
Beingreiðslur vegna raforku – lýsing	517
Beingreiðslur (B)	51
Þróunarfjármunir	63
Kynbótaffjármunir	21
Jarðræktarstyrkir	96
Kolefnishlutleysi	21
Lífræn framleiðsla	14
	1.173
 Rammasamningur	 2027
Leiðbeiningaþjónusta - 3. grein	385
Kynbótaverkefni - 4. grein	25
Jarðræktarstyrkir - 5. grein	498
Þróunarfjármunir búgreina - 11. grein	79
Lífræn framleiðsla - 7. grein	49
Skógarafurðir - 12. grein	21
Landgreiðslur - 5. grein	501
Mat á gróðurauðlindum - 8. grein	42
Nýliðun - 6. grein	280
Geitfjárrækt - 9. grein	21
Erfðanefnd landbúnaðarins - 14. grein	10
Framlag til Bændasamtaka Íslands	67
	1.978

Tafla II. breytingar á fjárhæðum og tilfærslur milli liða skv. 6. gr. samkomulagsins. Fjárhæðir á verðlagi ársins 2026 í milljónum króna.

Nautgriparrækt	Tilfærslur frá 2026 til 2027
Greiðslur út á greiðslumark - 3. grein	-28,4
Greiðslur út á innvegna mjólk - 4. grein	-33,3
Gripagreiðslur - mjólkurkýr - 5. grein	-19,6
Gripagreiðslur - holdakýr - 5. grein	-3,5
Framleiðslujafnvægi - 6. grein	-1,4
Kynbótastarf - 7. grein	-2,8
Fjárfestingastuðningur - 8. grein	56,9
Nautakjötsframleiðsla - 9. grein	-2,7
	-35,0

Sauðfjárrækt	Tilfærslur frá 2026 til 2027
Beingreiðslur - greiðslumark - 3. grein.	-22,8
Gæðastýring - álagsgreiðslur - 4. grein	-22,5
Býlisstuðningur - 6. grein	-11,1
Ullarnýting - 7. grein	-8,0
Fjárfestingastuðningur - 9. grein	34,1
Svæðisbundinn stuðningur - 8. grein	-2,1
Aukið virði afurða - 10. grein	-1,4
	-33,7

Garðyrkja	Tilfærslur frá 2026 til 2027
Beingreiðslur vegna framleiðslu (A)	-3,9
Beingreiðslur vegna raforku – lýsing	-5,2
Beingreiðslur (B)	-0,5
Þróunarfjármunir	-0,6
Kynbótafjármunir	-0,2
Jarðræktarstyrkir	-1,0
Kolefnishlutleysi	-0,2
Lífræn framleiðsla	-0,1
	-11,8

Rammasamningur	Tilfærslur frá 2026 til 2027
Leiðbeiningaþjónusta - 3. grein	-3,9
Kynbótaverkefni - 4. grein	-0,3
Jarðræktarstyrkir - 5. grein	-5,0
Þróunarfjármunir búgreina - 11. grein	-0,8
Lífræn framleiðsla - 7. grein	-0,5
Skógarafurðir - 12. grein	-0,2
Landgreiðslur - 5. grein	-5,1
Mat á gróðurauðlindum - 8. grein	-0,4
Nýliðun - 6. grein	97,7
Geitfjárrækt - 9. grein	-0,2
Erfðanefnd landbúnaðarins - 14. grein	-0,1
Framlag til Bændasamtaka Íslands	-0,7
	80,5

